

REGLUGERÐ

**um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana
á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana séu vottuð í samræmi við alþjóðlegar kröfur sem gilda um vottun og vottunaraðila.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Vottun:* Skrifleg staðfesting, að undangenginni úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækis/stofnunar, á því að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012.
- b. *Vottunaraðili:* Aðili sem framkvæmir vottun og hefur hlotið faggildingu, sbr. 4. og 5. gr.
- c. *Úttektarmaður:* Einstaklingur sem framkvæmir úttekt á vegum vottunaraðila.

4. gr.

Faggilding vottunaraðila og eftirlit.

Vottunaraðili fær faggildingu hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu eða sambærilegum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr.

Vottun á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012.

Vottunaraðila sem hefur hlotið faggildingu á grundvelli staðalsins ÍST EN ISO/IEC 17021 sem fjallar um kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnerfa er heimilt að votta jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana á grundvelli ÍST 85:2012.

6. gr.

Námskeið vegna jafnlaunavottunar.

Ráðuneytið skal sjá til þess að haldið verði námskeið fyrir úttektarmenn í jafnréttis- og vinnumarkaðsmálum sem þýðingu hafa fyrir vottun í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85:2012 svo uppfylla megi kröfur faggildingarstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 17021 um sérfræðipekkingu á því sviði sem um ræðir.

Námskeiðið skal haldið á þriggja ára fresti, og oftar ef nauðsyn krefur. Á námskeiðinu skal meðal annars fjallað um lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, vinnurétt, kjarasamninga, launagreiningar og flokkun og mat á verðmæti starfa.

Námskeiðinu skal lokið með útgáfu skírteinis. Úttektarmenn skulu ljúka námskeiði með prófi.

7. gr.

Úttekt.

Vottunaraðili stýrir og framkvæmir úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækis/stofnunar. Þegar vottunaraðili hefur lokið við að sannreyna að launakerfi fyrirtækis/stofnunar uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012 tekur vottunaraðili ákvörðun um vottun og gefur út vottorð því til staðfestingar.

8. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 19. gr. og 33. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum, sem og skv. 1. mgr. 4. gr. laga um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, að hofðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 24. október. 2014.

Eygló Harðardóttir

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Hannsíða Gunnsteinsdóttir

Hanna Sigriður Gunnsteinsdóttir